STJÓRNARTÍÐINDI C 3 — 1980

29. desember 1980. 89 Nr. 13.

AUGLÝSING

um breytingar á Norðurlandasamningi um norrænan iðnþróunarsjóð fyrir Ísland.

Hinn 29. apríl 1980 var undirritaður í Reykjavík viðbótarsamningur við samning milli Norðurlandanna frá 12. desember 1969 um norrænan iðnþróunarsjóð fyrir Ísland, sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum, C-deild, nr. 8/1970. Viðbótarsamningurinn tók gildi 14. júlí 1980 í samræmi við 3. gr. hans. Alþingi hafði með lögum nr. 43 frá 23. maí 1980 heimilað ríkisstjórninni að staðfesta viðbótarsamninginn.

Viðbótarsamningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 29. desember 1980.

Ólafur Jóhannesson.

Hörður Helgason.

Fylgiskjal.

Viðbótarsamningur við samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um norrænan iðnþróunarsjóð fyrir Ísland.

Ríkisstjórnir Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, sem óska að gera með sér viðbótarsamning við samning frá 12. desember 1969 milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um norrænan iðnþróunarsjóð fyrir Ísland (hér eftir nefndur samningurinn), hafa orðið sammála um eftirfarandi:

1. gr.

5. mgr. 2. liðs samningsins orðist svo:

„Ábyrgð Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar á skuldbindingum sjóðsins er takmörkuð við hlutdeild þeirra í stofnfénu á hverjum tíma. Ísland er á sama hátt ábyrgt fyrir skuldbindingum sjóðsins með sínum hluta stofnfjárins og ber auk þess eitt ábyrgð á þeim skuldbindingum umfram stofnféð, sem sjóðurinn kann að taka á sig vegna ábyrgða og lántöku sbr. 4. lið."

Tillægsaftale til aftalen mellem Danmark, Finland, Island, Norge og Sverige om en nordisk industrialiseringsfond for Island

Regeringerne i Danmark, Finland, Island, Norge og Sverige er, foranlediget af ønsket om at indgå en tillægsaftale til aftalen af 12. desember 1969 mellem Danmark, Finland, Island, Norge og Sverige om en nordisk industrialiseringsfond for Island (nedenfor kaldet „aftalen"), blevet enige om følgende:

Artikel 1

5. stykke, paragraf 2 i aftalen får følgende ændrede ordlyd:

„Danmarks, Finlands, Norges og Sveriges ansvar for fondens forpligtelser er begrænset til deres til enhver tid værende andel af grundkapitalen. Island hæfter ligeledes for fondens forpligtelser med sin andel af grundkapitalen og er herudover eneansvarlig for de forpligtelser udover grundkapitalen, som eventuelt kan opstå i forbindelse med garantier og låntagning ifølge paragraf 4."

2. gr.

4. liður samningsins orðist svo:

„*4. Starfshættir*

Sjóðurinn starfar að verkefni sínu með því:

a) að veita lán til ákveðinna verkefna, annaðhvort einn eða í samvinnu við aðra aðila
b) að ábyrgjast lán sem veitt eru af öðrum aðilum.

Fé til lánveitinga fær sjóðurinn af stofnfé sínu, tekjum og með lántökum og skulu lánveitingar ákveðnar í samræmi við viðurkennd bankaleg og efnahagsleg sjónarmið. Sjóðurinn skal stefna að því að tryggja eðlilega ávöxtun stofnfjárins og þess fjár er hann tekur að láni og forðast ónauðsynlega áhættu.

Í sérstökum tilvikum er heimilt að veita lán með sérlega hagstæðum kjörum eða framlög, m. a. til tækniaðstoðar, rannsókna og markaðsathugana. Slík lán eða framlög mega samtals ekki nema meira en 10% af stofnfénu. Frá og með árinu 1980 er í sama tilgangi heimilt að ráðstafa til viðbótar 10% af eiginfé sjóðsins eins og það verður í byrjun ársins 1980, auk 10% af rekstrarafgangi hvers árs, í fyrsta skipti af rekstrarafgangi ársins 1980.

Lán, framlög eða ábyrgðir má veita til fyrirtækja í einkaeign eða í eigu opinberra aðila og til fjárfestingarlánasjóða, sem hafa sama tilgang og sjóðurinn.

Sjóðurinn skal hafa náið samstarf við íslenskar lánastofnanir sem veita lán til iðnaðar."

Artikel 2

Paragraf 4 i aftalen får følgende ændrede ordlyd:

„*4. Virksomhed*

Fonden arbejder for sit formål ved at:

a) yde lån til bestemte projekter, enten alene eller i samarbejde med andre parter;
b) garantere lån, som er givet af andre parter.

Fondens lånebevillinger finansieres gennem brug af grundkapitalen og fondens indtægter, samt gennem låntagning, og skal baseres på anerkendte bankmæssige og økonomiske principper. Dens mål skal være at sikre en naturlig forrentning af grundkapitalen og den kapital sem dannes ved låntagning og undgå unødvendig risiko.

I særlige tilfælde kan ydes lån på lempelige vilkår eller tilskud til f. eks. teknisk bistand, forskning eller markedsundersøgelser. Sådanne lån og tilskud må tilsammen ikke overstige 10% af grundkapitalen. Fra og med året 1980 er det, i samme hensigt, tilladt i tillæg hertil at disponere over 10% af fondens egenkapital ved begyndelsen af 1980, samt 10% af hvert års driftsoverskud, for første gang af driftsoverskuddet for 1980.

Lån, tilskud eller garantier kan ydes til virksomheder i privat eller offentlig eje og finansieringsinstitutioner, som har samme formål som fonden.

Fonden skal arbejde nært sammen med islandske låneinstitutioner, som yder lån til industri."

3. gr.

Viðbótarsamningur þessi öðlast gildi 5 dögum eftir þann dag er öll aðildarríkin hafa tilkynnt íslenska utanríkisráðuneytinu að uppfylltar hafi verið þær kröfur sem gerðar eru til gildistöku viðbótarsamnings þessa. Íslenska utanríkisráðuneytið tilkynnir hinum aðildarríkjunum móttöku þessara tilkynninga.

Artikel 3

Denne tillægsaftale træder i kraft 5 dage efter den dag, da samtlige kontraherende stater har meddelt det islandske udenrigsministerium, at de foranstaltninger, som er nødvendige for tillægsaftalens ikrafttrædelse, er gennemført. Det islandske udenrigsministerium underretter de øvrige kontraherende stater om modtagelsen af disse meddelelser.

Til staðfestingar þessu hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fengið fullgilt umboð, ritað undir viðbótarsamning þennan.

Gjört í Reykjavík hinn 29. apríl 1980 í einu eintaki á dönsku. Samningsaðilar munu fljótlega með því að skiptast á orðsendingum koma sér

Til bekræftelse heraf har undertegnede, dertil behörigt bemyndigede, undertegnet denne tillægsaftale.

Udfærdiget i Reykjavik den 29. april 1980 i ét eksemplar på dansk. De kontraherende stater vil snarest ved noteveksling enes om en finsk,

saman um íslenskan, finnskan, norskan og sænskan texta sem skulu vera jafngildir danska textanum.

islandsk, norsk og svensk tekst som skal have samme gyldighed som den danske tekst.

Fyrir ríkisstjórn Danmerkur:
Hans Henrik Liljeborg
Fyrir ríkisstjórn Finnlands:
Tapani Brotherus
Fyrir ríkisstjórn Íslands:
Ólafur Jóhannesson
Fyrir ríkisstjórn Noregs:
Annemarie Lorentzen
Fyrir ríkisstjórn Svíþjóðar:
Ethel Wiklund

For Danmarks regering:
Hans Henrik Liljeborg
For Finlands regering:
Tapani Brotherus
For Islands regering:
Ólafur Jóhannesson
For Norges regering:
Annemarie Lorentzen
For Sveriges regering:
Ethel Wiklund

29. desember 1980. Nr. 14.

AUGLÝSING

um aðild að Evrópusamningi um varnir gegn hryðjuverkum.

Hinn 11. júlí 1980 var skrásett hjá framkvæmdastjórn Evrópuráðsins fullgildingarskjal Íslands vegna Evrópusamnings um varnir gegn hryðjuverkum sem gerður var 27. janúar 1977 og undirritaður fyrir Íslands hönd sama dag. Samningurinn var fullgiltur samkvæmt heimild í ályktun Alþingis samþykktri 12. maí 1980. Af Íslands hálfu var gerður fyrirvari við samninginn í samræmi við 13. gr. hans.

Samningurinn tók gildi hvað Ísland varðar 12. október 1980, sbr. nánar 3. mgr. 11. gr. hans.

Samningurinn og fyrirvarinn eru birtir sem fylgiskjöl með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 29. desember 1980.

Ólafur Jóhannesson.

Hörður Helgason.

Fylgiskjal I.

EVRÓPUSAMNINGUR UM VARNIR GEGN HRYÐJUVERKUM

Aðildarríki Evrópuráðsins, sem undirrita samning þennan,

er hafa í huga að markmið Evrópuráðsins er að koma á aukinni einingu meðal aðila þess,

gera sér grein fyrir vaxandi áhyggjum, sem aukning hryðjuverka veldur,

EUROPEAN CONVENTION ON THE SUPPRESSION OF TERRORISM

The member States of the Council of Europe, signatory hereto,

Considering that the aim of the Council of Europe is to achieve a greater unity between its Members;

Aware of the growing concern caused by the increase in acts of terrorism;